

**Skerðingsstaðir**

## Athugasemdir og viðbætur

21. jan. 1978 var lýsing Þorleifs Jóhannessonar borin undir Ragnhildi Þorvaldsdóttur, Melabraut 61, Seltjarnarnesi. Gerði hún fáeinar athugasemdir við lýsinguna, og skráði Sigríður Jóhannsdóttir þær eftir henni. – Ragnhildur er fædd á Skerðingsstöðum árið 1909 og alin þar upp. Einnig var hún þar lengst af á sumrin eftir að hún flutti í burtu.

Ragnhildur telur, að Þorleifur hafi fengið upplýsingar frá föður hennar, Þorvaldi Þórðarsyni oddvita á Skerðingsstöðum.

Nú hafa Skerðingsstaðir og Vík verið keypt til laxaræktar. Vaðallinn (Lárvaðall (1)) hefur verið stíflaður og gert þar laxalón. En bróðir Ragnhildar, sem búsettur er í Grundarfirði, heyrjar Skerðingsstaði.

Faðir Ragnhildar flutti bæinn austast á tangann. Reisti hann þar fyrst timburhús en síðar steinhús.

Áður fyrr var mjög þýft land á Skerðingsstöðum en faðir Ragnhildar ræktaði jörðina mikið. Bróðir hennar ræktaði þó enn meira, eftir að stórvirkari tæki komu til sögunnar.

Fyrr á árum var útræði frá Skerðingsstöðum.

Bakkatóft (2) var eins og gamall veggur, líklega eftir kofastæði. Ragnhildur veit ekki, hvort þar hefur verið búið, en það hlýtur þá að hafa þá verið fyrir ævalöngu.

Ofan til á miðju túninu voru eldgömul leiði, stór og lítill. Móðir Ragnhildar sagði, að þar hefði verið kirkjugarður, en bænhús var í Lá. Sumir þóttust hafa orðið varir við reimleika þarna. Nú er búið að slétta yfir leiðin.

Gilflöt (3) liggur niður með bæjarlæknum að vestanverðu (húsmegin). Faðir Ragnhildar sléttaði hana.

Kottún (4) er sunnanverðu við Bæjargilið.

Ragnhildur heyrði aldrei talað um Skerðingsstaðakot (5), en þarna voru rústir. Faðir hennar gerði þarna kálgarð uppi á háum hól, og fann hann þar þá öskulag, svo að líklegt er, að þarna hafi einhvern tíma verið mannabústaður.

Lágaflói (11) segir Ragnhildur. Hann liggur meðfram Langholtinu að sunnanverðu. Þar var mýrlendi, en feðgarnir græddu það upp og gerðu að túni.

Móbörð (12) voru alltaf kölluð **Móholt** (37). Þar var mór tekinn upp og þurrkaður. Hann þótti alveg sérstaklega góður og var sóttur þangað bæði frá Skerðingsstöðum og Vík.

Ragnhildi var sagt, að fundist hefði dauður selur við Sellæk (14). Hvarf (16) var oftast nefnt **Fremrahvarf** (38), því að annað Hvarf var á leiðinni út í Vík. Þessi Hvörf sáust ekki frá bænum.

Dalurinn er kallaður **Skerðingsstaðadalur** (39).

Margir sögðu, að sézt hefðu ljós í Gráasteini (18)

Ragnhildur sagði, að eitt sinn hefðu sézt einkennileg ljósfyrirbrigði á gamlárskvöld. Var eins og sjö menn gengju fram fjallsbrúnina með luktur í hendi. Ljósinn sáust framarlega á brúninni og færðust eftir henni, en hurfu við Öxlina (Skerðingsstaðaöxl). Allt fólkið sá þetta fyrirbæri.

Ragnhildur nefndi Hrafnagil (20) einnig Hrafnsgil. Þar var mikið af hröfnum, sem verptu uppi í klettum, í standberg.

Hellisskútinn er bara kallaður **Skerðingsstaðahellir** (40).

Nafnið Hlíðarendi (21) heyrði Ragnhildur aldrei.

Hjallana (22) aðgreinir Ragnhildur í **Neðri-** (41) og **Efrihjalla** (42). Þeir ná alveg að Hrafnagili og eiginlega heim að Bæjargili.

Litla- og Stóra-Gráborg (25 og 26) eru á Efrihjöllum.

Nafnið Bekkir (28) heyrði Ragnhildur aldrei. Þarna var bara kölluð **Hlíð** (43) (talað um að fara „uppi í Hlíð“).

Sagt var, að í Kúalág (27) hefði verið höfð kýr, sem var keypt að og því gjörn á að strjúka. Þarna spratt vel, en þetta var töluvert hátt uppi í fjalli, svo að ólíklegt er að kýr hafi verið reknar þangað á beit. Hins vegar getur vel verið, að þarna hafi verið heyjað handa kúnum, því að þarna var sléttur blettur.

Þríholt (29) eru fyrir utan Bakkatóft. Þetta er niður við fjöru.

Fyrir utan Bakkatóft var skarð, sem sjórinn hafði étið í bjargið, dimmt og djúpt. Það hafði ekkert sérstakt nafn, en krakkarnir kölluðu það **Draugagjá** (44). Þríholt eru fyrir utan gjána.

Merkjalækur (30) rennur niður **Ytrahvarfið** (45), sem er fyrir utan Þríholtin.

Hærrihjallar (32) eru þeir sömu og Efrihjallar.

Lambahlíð (33) er í Skerðingsstaðadal. Líklega hefur þar verið góð beit fyrir lömb, en Ragnhildur heyrði ekki talað sérstaklega um það.

Ragnhildur vissi ekki um tilefni nafnsins Bjarnarskarð (36).

Fært var frá fyrstu árin, sem foreldrar Ragnhildar bjuggu á Skerðingsstöðum. Bræður hennar voru smalar, þegar þeir voru börn. Ragnhildi þykir líklegt, að hætt hafi verið að færa frá u.þ.b. 1912-14. Kvíarnar voru sunnanverðu við bæjarlækinn. Þar var seinna búinn til kofi undir mó.

Stekkurinn var á tanga, sem gengur svolítið út í sjóinn fyrir neðan Hrafnsgilið. Þar var seinna gerður kofi undir vélar.

Frammi í dal, hjá Stórhól, sem er í landi Lár, var byrgi, sem fé var rekið í á haustin.

Torf var rist frammi í Lágaflóa og hingað og þangað. Það þótti gott og var notað á heytóftir og mótóftir, einnig var haft reiðingstorf undir klyfberum.

Mórinn var tekinn upp á Móholtum, svo sem fyrr segir. Hann var sums staðar þrjár skóflustungur og sums staðar líklega meira. Grafirnar voru ákaflega djúpar. Mikill kvistur var í mónum. Auðséð var, að þarna hafði verið trjágróður fyrr á tímum. Mórinn þótti góður eldiviður, en fara varð gætilega með hann, því að hann vildi brotna. Einhver dagsmörk voru notuð á Skerðingsstöðum, en Ragnhildur man ekki að greina frá þeim.

### Stafrófsskrá örnefna

Draugagjá 44

Efrihjallar 42=32

Fremrahvarf 38=16

Hlíð 43

Móholt 37=12

Neðrihjallar 41

Skerðingsstaðadalur 39

Skerðingsstaðahellir 40

Ytrahvarf 45